

Dalvíkurbyggð
María Markúsdóttir
Ráðhús
620 Dalvík

Garðabær, 11.11.2024
Málsnúmer: 202410-0046
MH

Efni: Skipulagslýsing fyrir aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2025–2045

Vísað er til erindis Dalvíkurbyggðar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 21. október 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu fyrir heildarendurskoðun aðalskipulags Dalvíkurbyggðar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það helsta sem fjalla þarf um við endurskoðun aðalskipulagsins. Stofnunin vill á þessu stigi koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun telur mjög jákvætt það sem fram kemur í skipulagslýsingunni, að við endurskoðun aðalskipulags verði horft til annarra áætlana og stefnuskjala sem kunna að tengjast gerð og/eða framfylgd nýs aðalskipulags, m.a. heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og landsskipulagsstefnu. Stofnunin leggur til að sveitarfélagið móti sér stefnu um verndun náttúru, sjálfbæra auðlindanýtingu og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og innleiða hana í áherslur aðalskipulagsins. Sveitarfélög fara með mikilvægt hlutverk (ekki síst með skipulagsskyldu sinni) við að vinna gegn hnignun líffræðilegrar fjölbreytni sem er ein stærsta umhverfisvá samtímans samhliða og í nánú sambandi við áhrif loftslagsbreytinga.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að í lögum um náttúruvernd er að finna ýmis ákvæði sem leiðbeina um hvernig skuli nálgast vernd náttúruminja, þar á meðal vernd lífríkis, jarðminja og landslags. Stofnunin leggur áherslu á að 1.–3. gr. laganna sem fjalla um almenn markmið (1. gr.), verndarmarkmið sem lúta að lífríki (2. gr.) og verndarmarkmið sem lúta að jarðminjum, vatnasvæðum, landslagi og víðernum (3. gr.). Við mats- og skipulagsvinnu þarf að taka mið af eftirfarandi greinum í lögnum: 6.–12. gr. sem eru meginreglur um náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, IV. kafla sem inniheldur reglur um réttindi almennings til aðgangs að náttúrunni, IX. kafla um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja, 63. grein um innflutning framandi lífvera og svo auðvitað XII. kafla um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun. Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins eða hugsanlegra framkvæmda m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun bendir enn fremur á að á vef stofnunarinnar, [www.natt.is](#), er að finna ýmsar upplýsingar og gögn um náttúru Íslands sem geta komið að notum, m.a.:

Vistgerðir á Íslandi, fjölrit nr. 54 ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf](#))

Mikilvæg fuglasvæði, fjölrit nr. 55 ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf](#))

Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi – kortasjá ([https://vistgerdakort.ni.is/](#))

Innan sveitarfélagsins eru friðlýst svæði, aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá og náttúruminjar sem njóta verndar skv. 61. greinar laga nr. 60/2013 um sérstaka verndun, einkum votlendi, fossar og laugar. Innan votlendisins er að finna vistgerðir með mjög hátt verndargildi, sem eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Huga þarf vandlega að skipulagi og framkvæmdum sem geta raskað þessum verndarsvæðum og náttúrufyrirbærum.

Í sveitarfélaginu eru nokkrir fundarstaðir sjaldgæfra plöntutegunda sem eru friðaðar skv. auglýsingu nr. 1385/2021 og/eða eru á válista. Við skipulagsáform við og í næsta nágrenni við fundarstaðina þarf að tryggja verndun þessara tegunda. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um þetta atriði.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur

